

Borgarstjórn
21. janúar 2020

Tillaga borgarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um könnun á kerfislegri áhættu vegna kvótakerfisins.

Lagt er til að Reykjavíkurborg framkvæmi úttekt á afleiðingum þess ef að stærstu fyrirtækin í Reykjavíkurborg sem hafa fengið úthlutað fiskikvóta í gegnum skip sín, flyttu starfsemi sína úr sveitarfélaginu. Úttektin verði framkvæmd með það að leiðarljósi að kanna áhrif þess á atvinnuöryggi þeirra sem starfa hjá umræddum sjávarútvegsfyrirtækjum og í fyrirtækjum sem þjónusta þau. Þá er einnig lagt til að úttektin feli í sér yfirlit um gjöld sem fyrirtækin hafa greitt til Reykjavíkurborgar vegna stöðu sinnar hér og yfirlit yfir mögulegar sviðsmyndir skyldi sú atvinnustarfsemi hverfa skyndilega úr sveitarfélaginu. Við gerð úttektarinnar er lagt til að kallað verði eftir mati verkalýðshreyfingarinnar, þ.m.t. samtaka sjómanna, háskóla- og fræðasamfélaginu og annarra sem hafa þekkingu og reynslu af byggðarrannsóknum í tengslum við umrætt málefni. Fjármála- og áhættustýringarsviði verði falið að halda utan um úttektina.

Greinargerð:

Eftir því sem aflaheimildir hafa þjappast saman á færri hendur, hefur auðurinn af sjávarútvegi færst á hendur fárra sem fara með stjórn útgerðar- og fiskvinnslufyrirtækja. Þetta skapar viðkvæma stöðu fyrir starfsfólk fyrirtækjanna, sérstaklega ef kæmi til þess að stór fyrirtæki skyldu ákveða að flytja sig um set í önnur sveitarfélög og þar með setja atvinnuöryggi margra í uppnám. Dæmi frá öðrum sveitarfélögum sýna að þetta getur gerst án sýnilegs aðdraganda með alvarlegum afleiðingum fyrir fólk, fjölskyldur, samfélagið og sveitarfélagið sjálft. Það er mikilvægt að Reykjavíkurborg sé meðvituð um þá staðreynd og ræði á vettvangi borgarstjórnar hvernig bregðast ætti við kæmi slíkt upp.